

Samantekt

Þann 13. ágúst 2025 barst Matvælastofnun tilkynning um að meintir eldislaxar hefðu fundist í Haukadalsá í Döllum. Allt fram til 15. október bárust Matvælastofnun nokkrar tilkynningar um meinta eldislaxa í ám.

Matvælastofnun hóf strax rannsókn málsins sem beindist að því að skoða tilkynningar um tjón á búnaði sem stofnuninni höfðu borist mánuðina á undan, meðal annars tilkynningu um tjón á búnaði á eldissvæði í Arnarfirði sem tilkynnt var um þann 14. júlí 2025.

Við nánari skoðun og eftirgrennsan kom í ljós að framangreind tilkynning sem barst í júlí hafi, fyrir mistök þjónustuaðila sem sinnir neðansjávareftirliti, verið send á rangt fyrirtæki en þennan sama dag var verið að sinna neðansjávareftirliti á báðum eldissvæðum. Var eftirlitsþegi upplýstur um þessi mistök með símtali 14. ágúst 2025 af starfsmanni Matvælastofnunar. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum úr neðansjávareftirliti var gatið á kví 1 á eldissvæði eftirlitsþega að Eyrarhlíð 1. Gatið var staðsett neðst í nóttinni við dauðfiskaháf og reyndist vera 20 x 40 cm að stærð.

Þann 14. ágúst virkjaði eftirlitsþegi viðbragðsáætlun fyrirtækisins um stök en ákvað klukkutíma síðar að afvirkja hana þar sem eftirlitsþegi mat að það væri of seint að bregðast við þar sem kvíin hafi verið tóm í einhvern tíma og nýr eldishópur kominn í umrædda kví.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var neðansjávareftirliti við Eyrarhlíð sinnt á 30 daga fresti líkt og reglugerð kveður á um og tilkynnti eftirlitsþegi til stofnunarinnar að ekkert athugavert hefði komið fram við neðansjávareftirlitið. Þegar engin frávik koma fram í neðansjávareftirlitum er eftirlitsþegum ekki gert að skila inn skýrslum um neðansjávareftirlitið, einungis tilkynningu um að það hafi verið framkvæmt og að engin frávik hafi verið til staðar.

Matvælastofnun kallaði eftir öllum skýrslum frá reglubundnu neðansjávareftirliti í kví 1 frá 1. mars 2025 ásamt myndum úr eftirlitinu. Þá var jafnframt kallað eftir daglegum upplýsingum úr framleiðsluskýrslum eftirlitsþega fyrir hópinn úr kví 1 á Eyrarhlíð 1 frá 1. júní 2025 þar til kvíin var tæmd 4. júlí.

Við skoðun Matvælastofnunar á skýrslum úr neðansjávareftirliti eftirlitsþega mátti sjá að gatið hefur verið til staðar á nóttinni að minnsta kosti frá 10. maí 2025.

Áður en kví 1 var tæmd, 4. júlí, var kafað og saúst þá lítil göt sem voru tilkynnt til Matvælastofnunar. Á myndum sem fylgdu skýrslunni sést stóra gatið en það var ekki tilkynnt, né gert við það. Við síðustu dælingu upp úr kví 1 þann 4. júlí var þrengt að laxinum á því svæði á nóttinni þar sem gatið var staðsett og laxinn geymdur þannig yfir nótt.

Samkvæmt framleiðsluskýrslum var meðalþyngd laxanna í kvínni í lok júní 2025 6.5 kg. og fjöldi þeirra 84.571.

Við yfirferð Matvælastofnunar á innsendum gögnum sem kallað var eftir frá eftirlitsþega vegna rannsóknarinnar kom í ljós að þann 14. júlí 2025 varð eftirlitsþega ljóst að til staðar væri gat á kví 1 á eldissvæðinu Eyrarhlíð, þrátt fyrir að skýrsla þjónustuaðila neðansjávareftirlits hafi verið send á rangt fyrirtæki. Á þeim tíma hafði kvíin staðið tóm í 10 daga. Gatið var þá lagfært en hvorki tilkynnt til Matvælastofnunar né skráð sem frávik í gæðakerfi eftirlitsþega. Matvælastofnun telur ljóst að orsök gatsins hafi því ekki verið rannsökuð til hlítar af eftirlitsþega eins og honum bar að gera á þeim tíma sem gatið uppgötvaðist.

Hluti af rannsókn Matvælastofnunar var að senda sýni úr meintum eldislögum í erfðagreiningu svo rekja mætti uppruna þeirra. Niðurstöður erfðagreiningarinnar leiddu í ljós að einungis hluti meintra eldislaxa reyndust vera eldislaxar. Fimm þeirra eldislaxa sem skilað var til Hafrannsóknarstofnunar mátti rekja án vafa til hópsins sem var í kví 1 í Eyrarhlíð 1 og líkur eru á að sjö til viðbótar komi frá umræddri eldiskví.

Í ljósi fjölda laxa sem fundust í ám, sem og stærðar og þyngdar laxa úr kví 1 á Eyrarhlíð 1, þá taldi Matvælastofnun nauðsynlegt að framkvæma kynþroskamælingar í tengslum við rannsókn málsins, en kynþroska laxar leita frekar upp í ár en ókynþroska. Farið var í sláturhúsið Drimlu í Bolungarvík þar sem verið var að slátra úr kví 7 á Eyrarhlíð 1, en laxar úr þeirri kví tilheyrðu sömu kynslóð, komu úr sömu seiðældisstöð og höfðu svipaðan eldisferil. Þar voru teknir 80 laxar og kynþroskagreindir. Rannsóknin leiddi í ljós að 48,7% hænga og 14,6% hrygna voru með kynþroskastuðul $GS1 > 0,3$ en það verður að teljast hátt hlutfall kynþroska.

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun jafnframt eftir verklagsreglum eftirlitsþega, viðbragðsáætlun um stök, atvikaskráningu, sannprófun og tímasettri úrbótaáætlun vegna atviksins og staðfestingu á að viðbragðsáætlun um stök hafi verið fylgt.

Niðurstaða rannsóknar Matvælastofnunar

Matvælastofnun telur ljóst að stök hafi átt sér stað í kví 1 á eldissvæði eftirlitsþega á Eyrarhlíð 1. Gögn málsins bera með sér að gat hafi verið á umræddri kví í það minnsta frá 10. maí 2025 en eftirlitsþega yfirsást ítrekað gatið við yfirferð á skýrslum úr neðansjávareftirliti. Eftirlitsþegi viðurkennir að hafa orðið ljóst þann 14. júlí 2025 að gat hafi verið á kvínni, en þar sem kvíin hafi staðið tóm í 10 daga þar á undan hafi það ekki verið tilkynnt til Matvælastofnunar né skráð sem frávik í gæðakerfi hans og viðbragðsáætlun vegna stroks hafi ekki verið virkjuð. Upphafleg orsök þess að gatið myndaðist er óþekkt.

Matvælastofnun telur líklegast að strokið hafi átt sér stað á tímabilinu 3.- 4. júlí þegar eftirlitsþegi þrengdi að löxunum í kvínni á meðan unnið var að dælingu þeirra í brunnbát til að færa þá til slátrunar.

Að lokinni rannsókn Matvælastofnunar telur stofnunin ljóst að leiða megi að því líkur, að teknu tilliti til fjölda útsettra seiða, affalla, sláturtalna og þeirra laxa sem veiddir voru í ám, að undir 500 laxar úr kví 1 hafi strokið í umrætt sinn.

Matvælastofnun telur ljóst að óreiða sé á bókhalda eftirlitsþega yfir eldi sitt en ekki var hægt að fá fullnægjandi yfirlit yfir eldisferli hópsins við rannsókn málsins en að lokinni sjálfstæðri rannsókn stofnunarinnar tókst að ná slíkri yfirsýn.

Eins og fyrr segir varð eftirlitsþega kunnugt um að til staðar hafi verið gat á kví 1 á eldissvæðinu Eyrarhlíð 1 þann 14. júlí 2025. Gatið var ekki tilkynnt til Matvælastofnunar. Matvælastofnun gerir alvarlegar athugasemdir við að gatið hafi ekki verið tilkynnt en á eftirlitsþega hvílir afdráttarlaus skylda skv. 3. mgr. 46. gr. a. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 að tilkynna öll frávik samdægurs til Matvælastofnunar.

Matvælastofnun telur jafnframt, út frá öllu framangreindu, að verulega skorti á verklag um yfirferð á gögnum úr neðansjávareftirliti eftirlitsþega, frávikaskráningu og að eftirlitsþegi hafi látið fyrir farast að tilkynna frávik úr neðansjávarköfun eins og honum ber að gera.

Matvælastofnun fer fram á það að eftirlitsþegi sannprófi atvikið á ný með fullnægjandi hætti og sendi jafnframt stofnuninni tímasetta úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari.

Rannsókn málsins hjá Matvælastofnun önnuðust eftirfarandi starfsmenn: Hulda Soffía Jónasdóttir, Jónína Guðmundsdóttir, Karl Steinar Óskarsson, Kjartan Davíð Sigurðsson og Vigdís Sigurðardóttir.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Verklagsreglur	Næsta skoðun
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Viðbragðsáætlanir	Næsta skoðun
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Atvikaskráning	Næsta skoðun
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Annað	Næsta skoðun

Alvarlegt frávík

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi
Verklagsreglur

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Neðansjávareftirlit er mikilvægur þáttur í forvörnum stroks og eru kveðið á um kröfur um slíkt eftirlit í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Ljóst er að niðurstöður neðansjávareftirlits berast eftirlitsaðila frá þjónustuaðila hans og starfsmenn eftirlitsþega fara yfir skýrslurnar og senda tilkynningu til Matvælastofnunar um að neðansjávareftirlit hafi verið framkvæmt á tilgreindum tíma án frávika. Ef tjón var til staðar við neðansjávareftirlit sendir eftirlitsþegi tjónstilkynningu til Matvælastofnunar. Matvælastofnun telur mikilvægt og eðlilegt að eftirlitsþegi hafi til staðar bæði verklagsreglu um köfun og verklagsreglu um móttöku og yfirferð á skýrslum eftir neðansjávareftirlit. Slíkar verklagsreglur draga úr líkum á því að mistök eigi sér stað sé verklag skýrt og því fylgt eftir.

Við rannsókn málsins óskaði Matvælastofnun eftir því að eftirlitsþegi sendi annars vegar verklagsreglu um köfun og hins vegar verklagsreglu um móttöku á skýrslum úr neðansjávareftirliti. Umbeðin gögn bárust ekki og lítur stofnunin svo á að þau séu ekki til.

Alvarlegt frávík

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi
Viðbragðsáætlunir

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Við rannsókn málsins óskaði Matvælastofnun eftir því að eftirlitsþegi sendi stofnuninni viðbragðsáætlun um stök fyrir eldissvæðið Eyrahlíð í Dýrafirði.

Matvælastofnun hefur eftirfarandi athugasemdir við viðbragðsáætlunina:

- Viðbragðsáætlunin er ekki nægjanlega sértæk fyrir þetta tiltekna eldissvæði.
- Viðbragðsáætlunin er of almenn og tekur ekki mið af mismunandi atburðum sem gætu átt sér stað.
- Í viðbragðsáætluninni er ekki lýst hvar net eru geymd né hvernig leggja skuli þau út komi til stroks.
- Í viðbragðsáætluninni er fyrsta viðbragð að tilkynna stök til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Fyrsta viðbragð á ávallt að vera að koma í veg fyrir að fiskur strjúki síðan ber að tilkynna atburðinn. Ekki þarf að bíða eftir samþykki Fiskistofu til að leggja út net.

Alvarlegt frávík

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi
Atvikaskráning

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. a. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 hvílir afdráttarlaus skylda á eftirlitsþega að tilkynna öll frávík sem koma í ljós í neðansjávarköfun samdægurs til Matvælastofnunar. Við rannsókn Matvælastofnunar á málinu kom í ljós að eftirlitsþega varð ljóst þann 14. júlí 2025 að til staðar væri gat á kví 1 á Eyrahlíð 1. Þar sem kvíin hafði verið tóm frá slátrun þann 4. júlí tók eftirlitsþegi þá ákvörðun að skrá ekki frávík í gæðakerfi sitt né tilkynna um tjónið til Matvælastofnunar.

Matvælastofnun lýtur framangreint alvarlegum augum. Ekkert í reglugerð heimilar undanþágu á tilkynningarskyldu eftirlitsþega um frávík sem koma í ljós í neðansjávareftirliti eftirlitsþega. Þá telur stofnunin að eftirlitsþegi hefði undir öllum kringumstæðum átt að skrá frávikið í gæðakerfi þess, greina orsök þess og rannsaka málið til hlítar.

Alvarlegt frávík

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi
Annað

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir sannprófun á atvikinu. Sannprófunarskýrsla eftirlitsþega er dagsett 15. september 2025. Í sannprófuninni er ekki farið yfir hvaða atvik er verið að sannprófa, einungis kemur fram að verið sé að sannprófa innri úttekt samkvæmt reglugerð 540/2020. Þar á eftir kemur listi yfir þau atriði sem sannprófuð voru, þar með talið hvort móttökueftirliti hafi verið sinnt og skirteini nótapoka sett inn í Aquacom, hvort daglegu yfirborðseftirliti hafi verið sinnt og lúsatalningar framkvæmdar. Ekki er farið yfir hvernig atvikið sem sannprófað var átti sér stað, ástæðu þess að ekki hafi verið tilkynnt um tjón á búnaði þann 14. júlí þegar eftirlitsþega var ljóst að það hafi verið gat á kví 1 né ástæðu þess að þjónustuaðila neðansjávarköfunar og eftirlitsþega yfirsást gat í jafn langan tíma og raun bar vitni. Matvælastofnun telur ljóst að skortur á verklagi hafi leitt til þess að gat á kví 1 á Eyrahlíð hafi ekki komið í ljós fyrr þrátt fyrir að það sjáist ítrekað á myndum úr neðansjávareftirliti. Slíkt hefði að mati stofnunarinnar átt að ávarpa í sannprófun en var ekki gert.

Að mati Matvælastofnunar snýr sannprófun eftirlitsaðila að einhverju leiti að þáttum sem ekki var þörf á að sannprófa í umrætt sinn en mikilvægum þáttum sleppt. Í ljósi þessa telur Matvælastofnun sannprófun eftirlitsaðila á atvikinu með öllu ófullnægjandi.

Matvælastofnun fer fram á það að atvikið verði sannprófað á ný.

Niðurlag

Þann 05/12/2025 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 05/12/2025. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 4 skoðunaratriðum, þar af 4 alvarleg frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi: 7 af 13 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 4 alvarleg frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi

- | | | |
|------------------------------------|------------------|---------------------|
| • Eftirlit og viðgerðir á netpokum | • Verklagsreglur | • Viðbragðsáætlanir |
| • Gæðahandbók | • Innra eftirlit | • Atvikaskráning |
| • Annað | | |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Þjálfunarskrá starfsmanna
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Rekstrarleyfi
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Dagbókarfærslur
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Nýliðunarþjálfun starfsmanna
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Verklagi rekstraraðila fylgt
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Eldisbúnaður